



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri þann 20. janúar 2015 kl. 13:00

Mætt voru : Páll Ingvarsson formaður, Davíð Herbertsson meðstjórnandi, Sigrún Þorsteinsdóttir meðstjórnandi, Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari, Sigurlína Jóhannesdóttir gjaldkeri og Anna Ragnarsdóttir stjórnarmaður FSN í LSE. Auk þess sat Valgerður Jónsdóttir framkv.stjóri Norðurlandsskóga fundinn.

Dagskrá:

1. **Aðalfundur - hvar og hvenær**

Stefnt á að halda fundinn á Vöglum í Fnjóskadal síðar í sumar, tímasetning ákveðin síðar. Bréfið sem ákveðið var á síðasta fundi að senda til stjórnar LSE verður sent til þeirra eftir þennan fund og afrit til Önnu Ragnarsdóttur sem sæti á í stjórn LSE.

2. **Innheimtukerfi - félagsgjöld**

Farið yfir félagalistann og stemmt af hvernig viðskiptastaða er gagnvart félaginu. Páll hefur samband við formenn hinna félaganna til að fá upplýsingar um hver félagsgjöldin eru og hvernig innheimtuformið er hjá þeim. Líklegast getum við ekki innheimt felagsgjöld þessa árs, fyrr en eftir næsta aðalfund.

3. **Fréttir frá LSE**

Anna Ragnarsdóttir varaformaður LSE. Farið hefur verið á fund ráðherra og segir Anna að enga peninga sé að hafa frá ráðuneytinu, LSE á fé til að halda Hrönn í starfi eitthvað áfram, samningurinn rennur líklegast út í mars 2015. Hugsanlega er hún til í að vera eitthvað lengur, þá í tímabundinni ráðningu. Ráðherra leggur til að stofnuð verði kolefnisbindingsnefnd.

Fundi slitið kl. 15:15

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.